Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

S T A R F S L E Y F I

til flugvallarrekstur á Reykjavíkurflugvelli.

Nafn leyfishafa: ISAVIA innanlandsflugvellir ehf.

Heimilisfang: Reykjavíkurflugvöllur Póstnúmer: 102

Kennitala: 591219-1380

Útgáfudagur leyfis: XX.XX. 2026 **Gildir til: X. XX.2032**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Starfsleyfisskilyrðum fyrir Isavia innanlandsflugvelli ehf. kt. 591219-1380, fyrir rekstri Reykjavíkurflugvallar og Almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi. Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, XX.XX. 2026

DRÖG

Reykjavík

Umsókn um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Umsókn móttekin

21-06-2024 19:35

Tungumál á Mínum síðum: IS

Tegund umsóknar

Vinsamlegast hakið við það sem við á
Endurnýjun leyfis

Starfsemi hefst
-

Starfsstöð og fyrirtæki

Heiti starfsstöðvar
Reykjavíkurflugvöllur

Aðsetur starfsstöðvar
Reykjavíkurflugvöllur

Póstnúmer aðseturs
102

Símanúmer
4244000

Netfang
birk@isavia.is

Heimasíða
isavia.is

Nafn fyrirtækis
Isavia Innanlandsflugvellir ehf.

Kennitala fyrirtækis

5912191380

Lögheimili fyrirtækis
Nauthólsvegur 60

Póstnúmer fyrirtækis
102

Forsvarsmaður

Nafn forsvarsmanns

Kennitala forsvarsmanns

Sími forsvarsmanns

Netfang forsvarsmanns

Hvar fer starfsemin fram?

Hvar fer starfsemin fram?
Ekki í fasteign (lóðir, færanleg starfsemi, útihátíðir, vatnsverndarsvæði t.d.)

Staðsetning
Reykjavíkurflugvöllur

Starfsemi

Hvers konar starfsemi?
Mengandi starfsemi

Nánari lýsing á starfseminni
Reykjavíkurflugvöllur (BIRK) er EASA-vottaður flugvöllur - einn þriggja alþjóðaflugvalla á landinu, staðsettur í höfuðborginni Reykjavík (póstnr. 102). Reykjavíkurflugvöllur er ætlaður til almennrar notkunar og er í eigu íslenska ríkisins. Öll starfsemi sem ekki tengist flugi eða rekstri flugvallarins með beinum hætti er bönnuð innan flugvallargirðingar. Tvær flugbrautir eru starfræktar á BIRK; Norður-suður flugbrautin (RWY 01/19) sem er 1567m löng auk öryggissvæða og norðaustur-suðvestur flugbrautin (RWY 13/31) er 1230m auk öryggissvæða. Flughlöð eru fimm, öll misstór og eru flest austan við RWY 01/19. Akvegir loftfara eru fimm og liggja á milli flughlaða, flugskýla, yfir flugbrautir o.s.fr. Á BIRK fer fram

afar fjölbreytt starfsemi s.s. áætlunarflug innanlands, sjúkraflug, millilandaflug, flugkennsla, einkaflug, þyrluflug og opinber flugstarfsemi. Auk þess starfa þar tengdir aðilar sem þjónusta þessi loftför og er Reykjavíkurflugvöllur því stór vinnustaður. Flughreyfingum á BIRK hefur heldur fækkað síðastliðin ár - hafa verið bilinu 40-50 þúsund (sjá Flugtölur á Isavia.is). Á flugvallarsvæðinu eru tvær olíuskiljur á ábyrgð starfseminnar, ein tilheyrir vélaverkstæði flugvallarins, vestan við Nauthólsveg 60 og önnur sunnan við flugskýli 7. Einn 10.000L eldsneytistankur er á svæðinu sem tilheyrir rekstri flugvallarins, þ.e. diesel-olía á ökutæki/vinnuvélar - staðsettur innan girðingar sunnan við Nauthólsveg 60. Eldsneytistankar sem innihalda eldsneyti á loftför (Jet1 og Avgas) munu framvegis tilheyra starfsleyfi viðkomandi birgja. Norðvestan megin á flugvellinum er starfrækt æfingasvæði flugvallaþjónustu vallarins þar sem æfingar með eld fara m.a. fram. Æfingasvæðið er með gildandi starfsleyfi HER. Flugvöllurinn hefur takmarkaðan opnunartíma. Hann er eingöngu opinn almennri umferð mánudaga til föstudaga frá kl.07-23 en um helgar+almenna frídaga frá kl.08-23. Aðfangadag og gamlársdag er opið 07-16 en lokað er á nýársdag, páskadag og jóladag. Hægt er að opna flugvöllinn utan þess tíma, eingöngu fyrir sjúkra- og neyðarflug, flug Landhelgisgæslu Íslands, millilandaflug sem nota flugvöllinn sem varaflugvöll, lendingar áætlunarflugs sem hefur orðið fyrir ófyrirséðum töfum og fluga vegna mannúðarmála. Varðandi hljóðvist þá leitast völlurinn sífellt við að reyna draga úr hávaðamengun. Hlutverk og skilgreining vallarins er þó með þeim hætti að notendahópurinn er fjölbreyttur. Meðal verkefna sem liggja til skoðunar, fáist fjármagn - er að setja upp eGPU (electric ground power unit) í Bása (flughlað norðan við skrifstofubyggingu Icelandair). Leggja þarf nýja heimtaug og rista upp malbik til að koma rafmagni í tengibrunna. Með því móti þurfa loftför ekki lengur að ræsa dísel-mótora (APU) fyrir ræsingu. Hámarkstími á APU hefur verið styttur úr 30mín í 20mín auk þess sem loftförum skal lagt með þeim hætti að mengaðar lofttegundir er beint frá íbúðabyggingunum. Flugferlar hafa verið endurskoðaðir, m.a. færðir yfir haf og strandsvæði og lágmarksflughæðir hækkaðar. Er það í sífelldri endurskoðun af hálfu Isavia ANS ehf. Rannsóknir á hljóðvist hafa sýnt fram á 1db lækkun hávaða frá flugvellinum þrátt fyrir sambærilega umferð á milli mælingartímabila (2014 vs. 2021). Löngunin er s.s. áður að koma upp rauntíma hljóðmælingabúnaði á völdum stöðum í nágrenni flugvallarins og hefur ýmislegt verið skoðað í því samhengi. Búnaðurinn er þó ófjármagnaður. Til upplýsinga má taka það fram að þyrlurekendur sjálfir hafa nokkrir sýnt það frumkvæði að skoða önnur starfssvæði í nágrenni höfuðborgarinnar en raunsæ skref í átt að þeirri lausn kallar á aðkomu og samvinnuhug allra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Innan fárra mánaða fer fram þolmarka- og öryggisgreining á Reykjavíkurflugvelli þar sem áhersla er á flughlöð vallarins - en þau eru takmörkuð auðlind og útséð að þau taka ekki endalaust við. Reykjavíkurflugvöllur, nú eftir sem áður, einsetur sér að halda áfram að þjónusta landsmenn vítt í breitt frá höfuðborginni. Vilji flugvallarins er að sú starfsemi verði í sem mestri sátt við íbúana og mun völlurinn halda áfram að vera gagnrýninn og leita leiða til umbóta.

Fylgigögn

Viðbótargögn

reykjavikurflugvollur_-_skipulagsreglur__2009.pdf,Samkomulag um innanlandsflug_2013.pdf,Samkomulag_Hvassahraun_nov2019.pdf,VR500 14_Viðbrögð við eldsneytisleka_Umhverfisslysi_mengunaróhapp hjá Isavia Innanlandsflugvellir_16.mars 2023.pdf

Skilmálar

Já, ég samþykki!

✓

Starfsleyfisskilyrði fyrir Isavia Innanlandsflugvelli ehf. kt. 591219-1380 vegna reksturs Reykjavíkurflugvallar

1. Almenn ákvæði og gildissvið

1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir mengandi hluta starfsemi Isavia Innanlandsflugvalla ehf., hér eftir nefnt rekstraraðili, vegna reksturs Reykjavíkurflugvallar. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg og reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun.

1.2 Starfsleyfið gildir frá dd.mm. 2026 til 31.12.2032.

1.3 Verði meiriháttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) ber að sækja um starfsleyfi að nýju.

1.4 Endurskoðun starfsleyfis skal lokið eigi síðar en 1. september 2029. Starfsleyfið skal þó endurskoða fyrr ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við þegar leyfið var gefið út eða ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun eða ónæði af starfseminni án óhóflegs kostnaðar. Jafnframt skal endurskoða starfsleyfið ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við, ef breytingar verða á atvinnurekstri eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi.

1.5 Rekstraraðila ber einnig að fylgja almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi, starfskilyrðum fyrir bifreiða- og vélaverkstæði og öðrum starfsleyfis- og starfsskilyrðum eins og við á.

1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum HER um úrbætur getur HER, að fenginni heimild heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 um valdsvið og þvingunarúrræði til að knýja á um úrbætur.

1.7 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

1.8 Rekstraraðila ber að vera með gilda tryggingu samkvæmt 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda sbr. 36. tölulið í viðauka I í lögunum.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001

1.9 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. 54. gr. laga nr. 7/1998. Rekstraraðila er skylt að láta eftirlitsaðila í té þau gögn sem nauðsynleg eru til þess að kanna hvort skilyrðum starfsleyfis sé fullnægt.

1.10 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.

1.11 Almenningur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. HER birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Starfsemi og þjónustutími

2.1 Starfsemin felst í mengandi hluta starfsemi flugvallarrekstrar Isavia Innanlandsflugvalla ehf. á Reykjavíkurflugvelli, bifreiða- og vélaverkstæði og olíugeymum til eigin nota (fyrir litaða olíu á vinnutæki rekstraraðila og úrgangsolíugeymir) sbr. töluliði 4., 5. og 24. í viðauka IV í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

2.2 Til að draga úr hávaða og ónæði frá starfseminni er þjónustutími flugvallarins eftirfarandi:

Tafla 1. Þjónustutími á Reykjavíkurflugvelli

	Reglubundið áætlunarflug		**Almennur þjónustutími**	
Tímabil	Virkir dagar	Helgar og almennir frídagar	Virkir dagar	Helgar og almennir frídagar
Frá gildistöku starfsleyfis til 31.3. 2027.	Kl. 07:00 - 23:00	Kl. 08:00 – 23:00	Kl. 07:00 – 23:00	Kl. 08:00 – 23:00
Frá 1.4. 2027 til 31.8. 2029.	Kl. 07:00 – 23:00	Kl. 08:00 – 23:00	Kl. 08:00 – 22:00	Kl. 08:30 – 22:00

2.3 Við endurskoðun starfsleyfis sbr. gr. 1.4 skal þjónustutími flugvallarins endurskoðaður og ákvarðaður m.a. í ljósi niðurstaðna af hljóðmælingum sbr. gr. 4.5, verkefnis rekstraraðila með Eurocontrol og fleiri umbótaverkefni sem farið verður í á næstu tveimur árum sbr. fylgiskjal með starfsleyfinu ásamt því að lagt verði sameiginlegt mat á kvartanir um hávaða og ónæði af völdum starfseminnar.

2.4 Flughreyfingar eru einungis heimilar innan þjónustutíma flugvallarins.

2.5 Eftirfarandi flugumferð er undanskilin ákvæðum um þjónustutíma í gr. 2.2. Sjúkraflug, flug vegna mannúðarmála, flug vegna leitar og björgunar, flug vegna

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001

þjóðaröryggis eða annarra ríkismála. Enn fremur er öll flugumferð vegna véla í neyð eða véla sem ekki er hægt að beina annað, m.a. vegna varaflugvallarhlutverks Reykjavíkurflugvallar, undanskilin takmörkunum um þjónustutíma.

2.6 Aðrar undanþágur til flughreyfinga utan þjónustutíma, svo sem vegna íþróttahópa eða tómstundastarfs, eru aðeins heimilar ef um er að ræða brýna og sannanlega nauðsynlega ferð, enda liggi fyrir staðfest gögn um ferðalagið og sýnt sé fram á að lending innan þjónustutíma hafi ekki verið möguleg.

2.7 Þjónustutími fyrir snertilendingar er eftirfarandi.

Tafla 2. Þjónustutími vegna snertilendinga

	2027		2028		2029	
	Vetur (frá gildistöku til 30.4.	Sumar (1.5. – 31.8)	Vetur (1.9 - 30.4.	Sumar (1.5. - 31. 8.)	Vetur (1.9. - 30.4.	Sumar (1.5. - 31.8.)
Virkir dagar	09:00 – 17:00	09:30 – 16:30	09:30 – 16:30	09:30 – 16:30	09:30 – 16:00	09:30 – 16:00
Helgar og almennir frídagar	11:00 – 16:00	Snerti-lendingar bannaðar	11:30 – 16:00	Snerti-lendingar bannaðar	12:00 – 16:00	Snerti-lendingar bannaðar

2.8 Við endurskoðun starfsleyfis sbr. gr. 1.4 skal þjónustutíma vegna snertilendinga endurskoðaður og ákvarðaður m.a. í ljósi niðurstaðna af hljóðmælingum sbr. gr. 4.5, verkefnis rekstraraðila með Eurocontrol og fleiri umbótaverkefni sem farið verður í á næstu tveimur árum sbr. fylgiskjal með starfsleyfinu ásamt því að lagt verði sameiginlegt mat á kvartanir um hávaða og ónæði af völdum starfseminnar.

2.9 Rekstraraðila ber að hafa eftirlit með því að þjónustutími flugvallarins sé virtur. Tilkynna skal HER um allar flughreyfingar utan þjónustutíma flugvallarins.

2.10 Uppkeyrslur og prófanir á mótorum eftir viðhald og viðgerðir skulu eingöngu framkvæmdar mánudaga til föstudaga frá kl. 08:00 til 22:00, um helgar og á almennum frídögum frá kl. 10:00 til 18:00. Slíkar uppkeyrslur og prófanir mótora skulu takmarkaðar eins og unnt er á almennum frídögum. Þær skulu einungis fara fram á sérstökum svæðum sem skulu ákvörðuð af rekstraraðila og heilbrigðiseftirliti. Leitast skal við að velja svæði sem lágmarka hávaða sem getur borist til íbúðarbyggðar. Rekstraraðila er heimilt að leyfa prófanir frá kl. 7:45 á virkum dögum ef brýna nauðsyn ber til. Skrá ber slík tilvik sbr. gr. 7.1

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001

3. Umgengni, athafnasvæði og mengunarvarnir

3.1 Rekstraraðila ber að halda athafnasvæði hreinu og snyrtilegu. Rekstraraðili skal gera kröfu á alla sem eru með rekstur innan athafnasvæðisins eða nýta á annan hátt að umgengni sé snyrtileg. Allsherjarhreinsun flugvallarsvæðisins skal fara fram fyrir 1. júní ár hvert í samráði við notendur á svæðinu.

3.2 Rekstraraðili skal ávallt leitast við að takmarka notkun mengandi efna við starfsemina.

3.3 Rekstraraðili skal tryggja vernd grunnvatns m.a. til að koma í veg fyrir neikvæð mengunaráhrif á vatnshlot Tjarnarinnar í Reykjavík sbr. Vatnaáætlun Íslands 2022-2027 með viðeigandi verklagi, efnavali og mengunarvörnum í allri starfsemi sinni á flugvellinum, með leiðbeiningum til verktaka, reglum um umgengni og athafnir innan flugvallarsvæðisins, kröfum í útboðum ef við á og með mengunarvarnabúnaði athafnasvæða. Við framkvæmdir innan flugvallarsvæðisins sem gætu haft áhrif á vatnshlot skal vinna áhrifamat fyrir vatnshlot sbr. leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar um gerð áhrifamats.

3.4 Flugbrautir og flughlöð skulu vera með bundnu vökvaheldu yfirborði. Meðhöndlun olíu, þ.m.t. afgreiðsla eldsneytis á flugvélar, er einungis heimiluð á bundnu slitlagi þar sem afrennsli er leitt um olíuskiljur sem HER hefur samþykkt sbr. þó einnig gr. 3.6.

3.5 Olíumengað fráveitu- og regnvatn af flughlöðum þar sem eldsneytisáfylling fer fram skal leitt um olíuskilju, sbr. þó einnig gr. 3.6. Olíuskilja skal vera skv. íslenskum staðli um olíuskiljur, farið skal að leiðbeiningum Umhverfisstofnunar við val og uppsetningu á olíuskilju. Viðhaldi og eftirliti með olíuskiljum skal einnig háttað skv. sömu leiðbeiningum og leiðbeiningum framleiðanda.

3.6 Ef olíuskilja er ekki til staðar við flughlöð þar sem eldsneytisáfylling fer fram skal slíkum búnaði komið fyrir eigi síðar en 1. júlí 2030. Senda skal HER tímasetta áætlun um framkvæmdir og upplýsingar um útreikninga og forsendur fyrir vali á skiljubúnaði ekki síðar en 1. janúar 2028.

3.7 Rekstraraðili skal gera kröfu á að rekstraraðilar eldsneytisafgreiðslna og olíugeyma innan flugvallarsvæðisins hafi gilt starfsleyfi frá HER eða hafi tilkynnt geyminn til HER sbr. ákvæði í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

3.8 Við olíugeyma til eigin nota skulu vera öruggar árekstrar- og mengunarvarnir. Geymarnir, búnaður og aðstæður við geyma skulu uppfylla ákvæði rg. nr. 884/2017 og viðkomandi starfs- eða starfsleyfisskilyrði.

3.9 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun spilliefna, s.s. olíu- og bensínúrgangs og úrgangi annarra varúðar- og hættumerktra efna. Spilliefnum skal haldið aðskildum eftir tegundum eftir því sem við á og skilað til viðurkennds

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001

móttökuaðila. Rekstraraðili skal beina sömu kröfu til rekstraraðila innan flugvallarsvæðisins.

3.10 Geyma skal hættuleg efni og spilliefni í lokuðum og merktum ílátum á vökvaheldu undirlagi og á þann hátt að ekki sé hætta á að þau berist út í jarðveg eða í frárennsli.

3.11 Um flokkun og meðhöndlun annars úrgangs fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og samþykkt nr. 1316/2024 um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg.

3.12 Rekstraraðili skal beita sér fyrir því, t.d. með fræðslu á fundum, að flugrekstraraðilar innan flugvallarins haldi notkun afísingarefna í lágmarki, að teknu tilliti til flugöryggis og grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að hindra að þau berist í grunnvatn. Notkun afísingarefna sem ekki hafa hlotið skráningu og staðist áhættumat REACH er óheimil og ber rekstraraðila að upplýsa flugþjónustuaðila með starfsemi innan flugvallarins um það.

3.13 Flugvallarsvæðið skal afgirt, hlið skulu vera læst og það tryggt að almenningur hafi ekki aðgang að svæðinu.

3.14 Komi í ljós olíumengaður jarðvegur á svæðinu skal tafarlaust tilkynna það HER. Fylgja skal ákvæðum reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

4. Varnir gegn hávaðamengun

4.1 Rekstraraðila ber að vinna markvisst að því, í samráði við notendur flugvallarins, að draga úr hávaða og ónæði af starfsemi á flugvellinum.

4.2 Fyrir 1. september 2027 skal rekstraraðili, að höfðu samráði við notendur og rekstraraðila innan flugvallarins og HER, setja reglur sem miða að því að draga úr hávaða og ónæði í íbúðarbyggð frá starfsemi innan flugvallarsvæðisins, s.s. við hreinsun flugbrauta, flugtaka og lendinga, gangsetningu loftfara, akstur þeirra innan flugvallarsvæðisins, sérstakra viðburða s.s. flugsýninga, listflugs og fallhlífarstökks og annarra þátta eins og við á. Rekstraraðila ber að hafa eftirlit með því að reglunum sé framfylgt. Jafnframt skulu reglurnar vera aðgengilegar á vefsíðu rekstraraðila. Tilkynna skal HER um breytingar á reglunum.

4.3 Rekstraraðili skal í samvinnu við til þess bæra aðila vinna að því að greina og betrumbæta flugferla þyrla í loftrými umhverfis höfuðborgarsvæði með það að markmiði að draga úr þeim hávaða og ónæði sem myndast af umferð þyrla. Niðurstöður skal leggja fram í vinnu við endurskoðun starfsleyfis sbr. gr. 1.4.

4.4 Notkun knývendis í lendingu skal takmarka eins og unnt er. Rekstraraðili skal upplýsa notendur á vellinum um þá kröfu eins og við á og hafa eftirlit með að henni sé framfylgt.

4.5 Rekstraraðili skal vera með reglubundnar hljóðmælingar með það að markmiði að endurspegla áhrif rekstursins á nærliggjandi byggð. Hafa skal samráð við HER um

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001

staðsetningu mæla. Æskilegt er að um verði að ræða rauntímamælingar. Niðurstöður skal birta á vefsíðu rekstraraðila og tryggja að HER hafi aðgang að gögnum og niðurstöðum mælinga.

4.6 Niðurstöður hljóðmælinga skal rekstraraðili nýta, eftir atvikum í samstarfi við HER og önnur viðkomandi yfirvöld s.s. Samgöngustofu, til að lágmarka hávaðaónæði frá starfseminni s.s. með endurskoðun flugferla, skilgreiningu á þolmörkum flugstarfsemi og staðsetningu flugfara innan flugvallar, sbr. einnig gr. 4.2.

4.7 Í töflu 1 eru gefin viðmiðunarmörk fyrir hávaðamengun utan- og innandyra vegna flugtaka og lendinga. Miðað er við mörk fyrir starfandi flugvelli í reglugerð um hávaða nr. 724/2008 ásamt síðari breytingum.

Tafla 1. Mörk vegna hávaða frá flugumferð (Tafla II í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða)

Tegund húsnæðis	Mörk við húsvegg L_{den}	Mörk við húsvegg $L_{AFmax,5\%}$ nótt	Inni $L_{Aeq,24h}$
Íbúðarhúsnæði, dvalarrými og skólar	55*	80	30
Íbúðarhúsnæði, dvalarrými og skólar á svæðum í nágrenni þegar starfandi flugvalla	65*	90	30

*Hávaði utan við húsvegg má vera meiri ef tryggð er bein aðfærsla útilofts um hljóðgildrur.

4.8 Leiði hávaðamælingar í ljós að hávaði í íbúabyggð sé yfir mörkum samkvæmt töflu II *Mörk vegna hávaða frá flugumferð* í viðauka við rg. 724/2008 um hávaða, skal rekstraraðili hafa samráð við HER um mótvægisaðgerðir. Beri mótvægisaðgerðir ekki árangur, áskilur HER sér rétt til að setja frekari takmarkanir um starfsemina eða hluta hennar t.d. hvað varðar þjónustutíma.

4.9 Rekstraraðili skal skila skýrslu um kortlagningu hávaða við flugvöllinn á fimm ára fresti. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir útreikningum á hljóðstigi undangengin fimm ár og niðurstöður bornar saman við næstu fimm ár þar á undan. Við skýrslugerð skal stuðst við leiðbeiningar í kafla 8 og 10 í Vejledning fra Miljøstyrelsen. Nr. 5 1994. *Støj fra flyvepladser (m.s.br.),* sem gefin er út af danska umhverfis- og orkumálaráðuneytinu. Teikna skal hljóðstigslínur með 5 dB millibili. Meta skal fjölda íbúða og íbúa sem falla innan svæða með hávaða yfir settum viðmiðunarmörkum. Næstu skýrslu skal skila árið 2027 og vinna út frá gögnum fyrir árið 2026.

4.10 Sýni niðurstöður mælinga að ónæði af völdum hávaða frá starfseminni hafi aukist getur HER krafist þess að rekstraraðili láti vinna skýrslu um kortlagningu á hávaða við flugvöllinn þó ekki séu liðin fimm ár frá gerð síðustu skýrslu.

4.11 Við eftirlit með útreikningum á hávaðamengun og meðhöndlun á kvörtunum skal notast við reiknaðferðir sem viðurkenndar eru skv. íslenskum reglugerðum.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001

4.12 Hávaði frá starfsemi rekstaraðila á jörðu niðri skal vera innan viðmiðunarmarka sem eru uppgefin í töflu 2.

Tafla 2. Mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi (Tafla III í rg. nr. 724/2008 um hávaða)

Tegund húsnæðis	Mörk fyrir atvinnustarfsemi						
	LAeq(07-19)		LAeq(19-23)		LAeq(23-07)		L_{AFmax} nótt
	Við húsvegg	Inni	Við húsvegg	Inni	Við húsvegg	Inni	Inni
Íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum	50	30	45	30	40	25	40
Íbúðarhúsnæði á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum	55	30	55	30	40	30	45
Dvalarrými á þjónustustofnunum þar sem sjúklingar eða vistmenn dvelja yfir lengri tíma	60*	35	50*	35	50*	30	45
Iðnaðarsvæði og athafnasvæði	70		70		70		
Frístundabyggð	35		35		35		35
Leik- og grunnskólar	50*	30					
Kennslurými framhaldsskóla		30					
Hávaðalitlir vinnustaðir, s.s. skrifstofur og sambærilegt		30					

*Hávaði við húsvegg má vera meiri ef tryggð er bein aðfærsla útilofts um hljóðgildrur

4.13 Rekstraraðila ber að tilkynna HER með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara um alla fyrirhugaða stærri atburði tengda flugvellinum s.s. flugsýningar.

5. Loftgæði

5.1 Takmarka skal loftmengun frá starfseminni eins og kostur er. Flugtökum og lendingum skal þannig háttað að sem minnst loftmengun berist yfir íbúabyggð.

5.2 Fyrir 1. september 2027 skal rekstraraðili, að höfðu samráði við notendur og rekstraraðila innan flugvallarins og HER, setja reglur sem miða að því að draga úr

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001

loftmengun í íbúðarbyggð frá starfsemi innan flugvallarsvæðisins s.s. við hreinsun flugbrauta, uppkeyrslu og prófana mótora, ræsingar flugfara og aðra þætti eins og við á. Rekstraraðila ber að hafa eftirlit með því að reglunum sé framfylgt. Jafnframt skulu reglurnar vera aðgengilegar á vefsíðu rekstraraðila. Tilkynna skal HER um breytingar á reglunum.

5.3 Rekstraraðili skal hefja mælingar á loftgæðum við flugvöllinn ekki síðar en 1. janúar 2028. Skulu mælistaðir og mæliþættir valdir í samráði við HER, þó skal a.m.k. mæla eftirfarandi þætti: Nituroxíð (NO og NO_2), svifryk (PM_1 og $PM_{2,5}$) og sót (BC). Niðurstöður skal birta með aðgengilegum hætti á vefsíðu rekstraraðila eða annarri opin vefsíðu t.d. loftgaedi.is og tryggja skal aðgengi HER að gögnum og niðurstöðum mælinga.

5.4 Til að draga úr loftmengun er óheimilt að láta mótora flugfara vera í gangi undir eigin afli á svæði sem er afmarkað á mynd 1. Bannið tekur gildi strax og rekstraraðili hefur útbúið og gert aðgengilegan viðeigandi rafbúnað fyrir loftför að tengjast en þó ekki síðar en 1. júní 2028. Innan svæðisins er heimilt að hita vélar með rafmagnstengingu og, ef nauðsyn krefur, færanlegum dísel rafstöðvum. Séu loftför geymd innan svæðisins skal þeim ýtt inn á og út af stæði eða ekið á vögnum. Rekstraraðila ber að hafa eftirlit með að ákvæðið sé virt og skal HER tilkynnt um frávik.

Mynd 1. Afmörkun á svæði þar sem óheimilt er að láta mótora flugfara ganga undir eigin afli.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001

5.5 Þar til rafbúnaður verður aðgengilegur loftförum skal rekstraraðili hafa eftirlit með að loftför noti díselmótora eins skamma stund og hægt er á flughlaði 1 Norður og alls ekki lengur en reglur rekstraraðila kveða á um.

5.6 Rekstraraðila er heimilt að veita tímabundna undanþágu frá gr. 5.4 vegna skipulagðra flugsýninga. Rekstraraðila ber að brýna fyrir þátttakendum að sýna nærumhverfi sérstaka tillitssemi varðandi hávaða og loftmengun.

5.7 Rekstraraðili skal í samvinnu við til þess bæra aðila vinna að því að greina og betrumbæta flugferla flugfara í loftrými umhverfis höfuðborgarsvæði með það að markmiði að draga úr loftmengun vegna umferðar loftfara í íbúðarbyggð í Reykjavík og nágranna sveitarfélögum. Niðurstöður skal leggja fram í vinnu við endurskoðun starfsleyfis sbr. gr. 1.4.

6. Viðbrögð við mengunaróhöppum

6.1 Öll mengunaróhöpp þar sem mengandi efni, hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna HER.

6.2 Rekstraraðili skal hafa viðbragðsáætlun sem tekur á leka á bensíni, olíu-, og öðrum spilliefnum sem og öðrum hættulegum efnum. Skal starfsmönnum kynnt áætlunin og þeir þjálfaðir í viðbrögðum samkvæmt henni. Áætlunin skal samþykkt af HER.

Í viðbragðsáætlun skal koma fram:

a) Tegund mengunar og mesta magn mengandi efna sem mögulega gætu borist út í umhverfið.

b) Hvernig bregðast skuli við menguninni.

c) Nöfn og símanúmer viðbragðsaðila sem tilkynna skal um mengunaróhappið.

6.3 Þar sem fljótandi hættuleg efni og spilliefni geta lekið niður skal undirlag vera vökvahelt og búnaður fyrir hendi til að byrgja niðurföll sé frárennsli ekki tengt olíuskilju. Þá skal vera tiltækt ílát og ísogsbúnaður til að taka við innihaldi stærstu umbúða ef leki kemur að þeim. Einnig skulu vera tiltækar fullnægjandi persónuhlífar fyrir starfsfólk til að takast á við slys og óhöpp eftir því sem við á.

6.4 Halda skal skrá yfir öll mengunaróhöpp þar sem fram kemur, dagsetning, tegund mengunar og viðbrögð við óhappinu. Mengunaróhöpp skal tilkynna HER sbr. gr. 6.1.

6.5 Mengist jarðvegur af olíu eða öðrum mengandi efnum skal hann meðhöndlaður í samræmi við viðkomandi lög og reglugerðir í samráði við HER.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001

7. Innra eftirlit

7.1 Skrá skal allar kvartanir sem berast vegna starfseminnar og viðbrögð við þeim. Einnig skal skrá öll frávik sem eru heimiluð á flugumferð og takmörkunum samkvæmt gr. 2.2, 2.5, 2.6, 2.9 og 9.1. Senda skal HER tilkynningar um kvartanir og frávik. HER mun senda rekstraraðila upplýsingar um efni og staðsetningu kvartanir um hávaða og ónæði sem berast HER, að teknu tilliti til persónuverndarsjónarmiða. Ennfremur skal senda HER tilkynningar um mengunaróhöpp sbr. gr. 6.5. þar sem fram koma upplýsingar um óhappið, magn og gerð mengunar og viðbrögð.

7.2 Rekstraraðili skal halda skrá yfir frávik frá ákvæðum gr. 5.4.

7.3 Rekstraraðila ber að hafa niðurstöður hávaða og loftgæðamælinga aðgengilegar á vefsvæði sínu eða annarri opinni vefsíðu t.d. loftgaedi.is.

7.4 Á vefsvæði sínu skal rekstraraðili hafa auðfundna og aðgengilega leið til að senda inn kvartanir vegna starfseminnar.

7.5 Að minnsta kosti einu sinni á ári skal HER boða til samráðsfundar með rekstraraðila þar sem rekstraraðili kynnir niðurstöður hávaðamælinga og loftgæðamælinga, frávik í mælingum ef einhver og ástæður þeirra, liggi það fyrir, kvartanir sem hafa borist rekstraraðila vegna hávaða, ónæðis eða annarra mengunar, mengunaróhappa og annarra þátta sem rekstraraðili telur ástæðu til að fjalla um.

7.6 Verði rekstraraðila kunnugt um starfsemi innan flugvallarsvæðisins sem er leyfisskyld samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem starfar án starfsleyfis eða samþykktrar skráningar skal rekstraraðili upplýsa HER um slíkt.

8. Starfsemi hætt

8.1 Við lok starfsemi skal rekstraraðili, að teknu tillit til niðurstöðu frummats HER, láta vinna áhættugreiningu vegna mengunar í jarðvegi innan athafnasvæðisins sbr. gr. 10 í rg. nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Niðurstöður áhættugreiningar, ásamt tímasettri framkvæmdaáætlun um meðhöndlun mengaðs jarðvegs eins og við á, skal senda HER þegar það liggur fyrir.

8.2 Við lok starfsemi skal rekstraraðili hreinsa athafnasvæðið og koma öllum úrgangi til viðeigandi endurnotkunar, endurnýtingar eða förgunar sbr. ákvæði reglugerðar nr. 803/2023 og samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavíkurborg. um meðhöndlun úrgangs. Hreinsunin skal fara fram í samráði við HER. Hreinsun telst ekki lokið fyrr en úttekt HER hefur farið fram.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001

9. Undanþáguákvæði

9.1 Heimil eru frávik frá ákvæðum þessara skilyrða komi upp tilvik þar sem atriði er varða flugöryggismál stangast á við starfsleyfisskilyrðin. Slíka atburði skal skrá og gefa upplýsingar um í samantekt sbr. gr. 7.1.

DRÖG

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigðiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Fylgiskjal starfsleyfis Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna starfsemi Reykjavíkurflugvallar.

Helstu verkefni sem unnið verður að á næstu þremur árum og snúa að umhverfi flugvallarins og mælingum á starfsemi Reykjavíkurflugvallar.

Skipulag og stjórnun flughlaða

Rafvæðing flughlaðs 1 norður (Básar)
BIRK mun setja upp eGPU-búnað (electric ground power unit) á þessu hlaði þar sem loftför geta tengt sig í raftengil, án þess að þurfa ræsa innbyggða dísel-mótora. Rafkerfi Reykjavíkurflugvallar ræður ekki við það að óbreyttu og þarf að leggja nýja heimtaug frá Nauthólsvegi. Umsókn á 50A heimtaug hefur þegar verið lögð inn til Veitna (mars 2026 - umsókn nr. 46862). Hönnun lagnaleiðar og rafmagnsbrunna liggur þegar fyrir. Verkefnið hefur fengið framlag á samgönguáætlun.

Bann við lausagangi hreyfla/mótora á flughlaði 1 norður (Básar)
Flughlað 1 norður er ítarlega afmarkað á flugvallakorti en bannsvæði er tiltekið í lið 5.4. í starfsleyfi. Öll loftför skulu þá dregin út og/eða dregin inn á svæðið til geymslu.
Á jaðri vesturhluta svæðisins verður komið upp ræsingar/ádrepisvæði fyrir loftför, en nákvæm staðsetning hans mun skýrast að undangengnu áhættumati vallarins og mati á öryggissvæði flugbrauta.

Endurskilgreining flughlaða

Verið er að meta og skilgreina betur notkun á flughlöð flugvallarins þannig að sum þeirra henti þyrlum betur en önnur svæði. Á flughlaði 1 Suður var þjónustuvegur nýlega færður norðar á hlaðið til að rýmra væri um loftför. Viðfangsefnið er flókið þar sem landssvæði er takmarkað og taka þarf tillit til reglugerða og öryggisreglna.

Eurocontrol

Eurocontrol hefur það hlutverk að styðja við og bæta öryggi innan evrópska flugsamfélagsins. Reykjavíkurflugvöllur hefur lagt inn umsókn til Samgöngustofu og Eurocontrol um ráðgjöf og stuðning í verkefni sem mun taka á:

- Endurmat á sjónflugsferlum til/frá Reykjavíkurflugvelli
- Skoðun á flugferlum með tilliti til hávaða yfir íbúðabyggð og hávaðamildandi aðgerðir
- Sérstök rýni á umferð þyrlna og aðkomu þeirra að flugvellinum.

Verkefnið mun taka amk tólf mánuði og má búast við niðurstöðum í ársbyrjun 2028.

Hljóðmælingakerfi

Isavia Innanlandsflugvellir hefur sett upp hljóðmælingarkerfi sem sýnir rauntímamælingar. Kerfið er frá Casper Aero og er um sama búnað að ræða og Keflavíkurflugvöllur notar.
Verkefnið er að fullu fjármagnað á Samgönguáætlun.
Búið er að setja upp tvo mæla af fimm en seinni mælarnir munu verða settir upp í nóvember.

Staðsetningar mæla:

- Flughlað 1 Norður (Básar) á Reykjavíkurflugvelli - Uppsettur
- Kársnes (Vesturvör 16) - Uppsettur

Fylgiskjal starfsleyfis Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna starfsemi Reykjavíkurflugvallar.

- Sundskálavík (vestur af flugbraut 13/31) – Óuppsettur
- Gatnamót Hringbraut/Njarðargata (Norður af flugbraut 01/19) – Óuppsettur
- Færanlegur mælir sem áætlað er að setja á heit umkvörtunarsvæði

Kerfið er aðgengilegt öllum á heimasíðu félagsins hér: Um Reykjavíkurflugvöll | Reykjavíkurflugvöllur

Hitasvæði (Heat-map)

Flugvöllurinn mun áfram taka á móti hávaðakvörtunum í gegnum viðeigandi heimasíðu en ætlunin er að láta þessar kvartanir hjálpa til við að finna hitasvæði þar sem staðsetningar kvartana eru skráðar á loftmynd af höfuðborgarsvæðinu. Ýmist er skráð heimilisfang viðkomandi eða póstnúmer. Slíkt kort er til í grófri mynd en þarfnast uppfærslu m.t.t. auðveldara viðhalds og gagnaúrvinnslu til framtíðar. Vinna er í gangi með ráðgjöfum í landupplýsingakerfum að velja hentugt forrit til þessa og verður vonandi tilbúið fyrir sumarið 2027.

Eftirlit og mælingar

Með algjöru banni við ræsingu/ádrep loftfara á flughlaði 1 Norður, verður auðveldara að fylgjast með brotlegri hegðun á svæðinu.
Áætlað er að tengja hljóðvistarmæla beint inn til flugvallaþjónustu þannig að eftirlit verði auðveldara. Bætt verður við fleiri eftirlitsmyndavélum á flughlaðinu vegna landamæravörslu. Skoðað verður hvort að hitamyndavél gæti komið að notum í eftirliti með mótorum./hreyflum.

Olíuskiljur

Verkefnið er ófjármagnað á Samgönguáætlun en Reykjavíkurflugvöllur mun óska eftir því að láta fara fram hönnun á útfærslu og staðsetningu olíuskilja á flughlöðum og óska eftir framlagi frá ráðuneytinu í verkefnið, það mun ráða framvindu þess.

Flugvöllurinn mun til mótvægis koma upp viðbragsbúnaði, t.d. kerru með uppsogsefnum sem mætti grípa til komi til olíuleka við áfyllingar eða færslu véla.

Loftgæðamælir

Verkefnið er ekki á samgönguáætlun en Reykjavíkurflugvöllur mun hefja undirbúning að því og leita eftir ráðgjöf við HER varðandi staðsetningu mælisins.Framvinda verkefnsins ræðst af framlagi á samgönguáætlun.

19.október 2026

F.h. Isavia Innanlandsflugvalla

Sigrún Björk Jakobsdóttir, framkvæmdastjóri

Viðar Jökull Björnsson, flugvallarstjóri Reykjavíkurflugvallar

Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi

1. Gildissvið og almenn ákvæði

1.1 Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/. 2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit. lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun vegna starfsemi á landi og reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg. Skilyrðin gilda um starfsemi sem er starfsleyfisskyld samkvæmt viðauka IV í lögum nr. 7/1998 og viðauka X í rg. nr. 550/2018.

1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hætta af.

1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber 5. gr. í rg. nr. 550/2018.

1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í 14. gr. í reglugerð nr. 550/2018.

1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.

1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. 13. gr. í rg. nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF.
ÍST ISO 14001

1.7 Ef rekstraraðili er einnig með aðra starfsemi sem er starfsleyfis eða skráningarskyld samkvæmt lögum nr. 7/1998, gilda um hana viðeigandi starfsleyfis- eða starfsskilyrði.

1.8 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.

1.9 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.

1.10 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

1.11 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. 57. gr. í rg. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

1.12 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.

1.13 Almenningur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði

2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfseminni óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.

2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.

2.3 Að öðru leyti skal hlíta ákvæðum gr. 12., 13., 14., 15. og 16 í rg. nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF.
ÍST ISO 14001

3. Meðferð hættulegra efna

3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðiseftirlit getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum

3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hætta af þeim.

3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.

3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.

3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.

3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4. Meðferð úrgangs og spilliefna

4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.

4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.

4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF.
ÍST ISO 14001

4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætta á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætta á að umbúðir verði fyrir hnjaski.

4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.

4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.

4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.

4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.

4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni, um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.

5. Mengunarvarnir

5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.

5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.

5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF.
ÍST ISO 14001

5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.

5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

5.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

5.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.

5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökva. Uppsogsgeta búnaðar skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.

5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífeldsneyti, íblöndunarefnum eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF.
ÍST ISO 14001

5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.

5.11 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í 41. gr. í rg. nr. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í rg. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar um olíuskiljur.

5.12 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.

5.13 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.

5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.

5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 1066/2019 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og viðeigandi starfsskilyrði sbr. gr. 1.7..

5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rg. 640/2022 um kvikasilfur, rg. nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rg. nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rg. nr. 787/1999 um loftgæði, rg. nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rg. nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rg. nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun, rg. nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru, rg. nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rg. nr. 809/1999 um olíuúrgang.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF
ÍST ISO 14001

6. Eigið eftirlit og skráningar

6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:

a) Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og loftrásum.

b) Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.

c) Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.

d) Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

7. Starfsemi hætt

7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.

7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal helbrigðiseftirlit vinna frummat sbr. ákvæði í 9. gr. rg. um mengaðan jarðveg. Gefi niðurstaða frummats tilefni til skal rekstraraðili vinna áhættumat sbr. ákvæði í 10. gr. sömu reglugerðar og leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar þar um. Í áhættumatinu skulu vera tillögur að meðhöndlun mengunar sé mengun staðfest í rannsóknum. Rekstraraðili skal standa straum af kostnaði við hreinsun mengunar í samræmi við skilgreinda landnotkun þar sem starfsemin fer fram og viðmið í viðauka í rg. um mengaðan jarðveg.

7.3 Hreinsun telst ekki lokið fyrr en að lokinni úttekt heilbrigðiseftirlits og staðfestingu þess að hreinsun sé fullnægjandi.

Samþykkt á 172 fundi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 16. apríl 2026.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF.
ÍST ISO 14001

Starfsskilyrði fyrir bifreiða og vélaverkstæði

Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, skv. 5 gr. reglugerðar um skráningarskyldan atvinnurekstur nr. 830/2022, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi og almenn starfsskilyrði fyrir mengandi starfsemi. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.

1. UMGENGNI Á LÓÐ

		Rgl.nr.
1.1	Óheimilt er að geyma lausamuni, s.s. bílflök, bílhluta og annan úrgang á lóðum þannig að snúi að almannafæri, valdi fok- eða slysahættu eða hættu á mengun í jarðvegi.	737/2003 941/2002 14. gr.
1.2	Bifreiðum, tækjum og öðrum munum sem bíða viðgerðar, skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila. Geymslusvæði á lóð skal skerma af þar sem við á.	737/2003 16. og 18. gr.

2. FRÁVEITA

		Rgl.nr.
2.1	Hafa skal olíuskilju á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem vinna með olíur fer fram. Stærð, gerð og staðsetning skilju skal vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um olíuskiljur. Senda skal upplýsingar um olíuskiljur til heilbrigðisnefndar til yfirferðar og samþykkis. Heilbrigðisnefnd getur samþykkt aðra tilhögun en olíuskilju sem hindrar að olía berist í frárennsli.	798/1999 5. gr. 884/2017 51. gr.
2.2	Halda skal notkun olíuhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á gólfum skal nota umhverfisvæn sápuefni og/eða olíuhreinsa sem hæfa olíuskiljunni. Óheimilt er að nota efni sem innihalda lífræn leysiefni.	798/1999 5. gr.
2.3	Olíuskilja skal skoðuð reglulega og ekki sjaldnar en á sex mánaða fresti. Olíuskilja skal tæmd eftir þörfum og skal láta aðila með leyfi til flutnings spilliefna sjá um tæmingu.	798/1999 5. gr. 884/2017 gr, 51.
2.4	Þar sem hætta er á að fljótandi efnavara, olíur eða olíuefni fari niður ber að hafa til reiðu búnað til upphreinsunar, s.s. blautsugu, olíumottur, tvist, sag eða annan ísogsbúnað.	884/2017 63.gr. 798/1998 5. gr.
2.5	Þvottur á tækjum og bifreiðum skal fara fram á svæðum með bundið slitlag og þar sem fráveita er tengd sandfangi og olíuskilju.	798/1999 5. gr. 884/2017

2.6	Staðsetja skal ílát undir olíuefni, þ.m.t. úrgangsolíu, í þróm eða lekabyttum innandyra eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll. Ef olíuefni eru geymd utandyra skal það vera í skýli eða á annan þann hátt sem heilbrigðisnefnd samþykkir. Eftir atvikum getur heilbrigðisnefnd gert kröfu um árekstrarvarnir við skýli utandyra.	43. gr., 50 gr. 809/1999 7. gr.

3. SPILLIEFNI OG ANNAR ÚRGANGUR

		Rgl.nr.
3.1	Olíusíur og úrgangsolía teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku með starfsleyfi. Pressuðum olíusíum má skila með málmúrgangi.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999
3.2	Hjá rekstraraðilum þar sem olíuúrgangur fellur til er skylt að tryggja að hann sé geymdur á viðeigandi hátt og merktur sem úrgangsolía. Úrgangsolíugeymar utandyra skulu vera með lekavörn. Árekstrarvarnir skulu vera við slíka geyma.	884/2017 809/1999 7.gr. rgl. nr. 1040/2016 806/1999 8.gr.
3.3	Olíumenguðum jarðvegi ber að koma til viðurkenndra móttökuaðila.	1400/2020
3.4	Rafgeymar og rafhlöður teljast spilliefni og skal skila til viðurkenndra móttökuaðila. Meðhöndlun og öll geymsla, þ.m.t. bráðabirgðageymsla skal fara fram á stöðum með ógegndræpu yfirborði og undir viðeigandi yfirbreiðslu sem er vind- og vatnsheld, í lokuðum og vökvaheldum spilliefnakörum eða í viðeigandi gámum.	1040/2016 og rgl. nr. 806/1999 rgl. nr. 1020/2011
3.5	Blý, t.d. í jafnvægislóðum, er spilliefni og skal skilað til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.	737/2003 og rgl. nr. 806/1999

Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:
Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.


Reykjavík


Reykjavík, 19. desember 2024 / IJBG

UMSÖGN SKIPULAGSFULLTRÚA

Reykjavíkurflugvöllur – ENDURNÝJUN STARFSLEYFIS

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. ágúst 2024 var lagður fram tölvupóstur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 27. ágúst 2024, þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar ISAVIA innanlandsflugvalla ehf. um endurnýjun á starfsleyfi Reykjavíkurflugvallar fyrir mengandi starfsemi þ.e. rekstri flugvallar, bifreiða og vélaverkstæðis og olíugeymis til eigin nota. Óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa um hvort starfsemin sé í samræmi við skipulag og til gildistíma starfsleyfis en Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gefur alla jafna út starfsleyfi til 12 ára.





AR2040 - deiliskipulagsmörk flugvallarsvæðis í blárri strikalínu

Deiliskipulag Reykjavíkurflugvallar frá 2016


Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt framtíðar landnotkun er flugvallarsvæðið skilgreint sem miðsvæði M5, M30, opins svæðis OP06, strandsvæði ST4 og íbúðarbyggð ÍB62, sbr. staðfestur þéttbýlisuppdráttur. Um landnotkun flugvallar gilda sértæk og tímabundin ákvæði, sbr. umfjöllun hér að neðan.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag Reykjavíkurflugvallar staðfest í B-deild Stjórnartíðinda 13. júní 2016. Einungis mannvirki sem tengist flugi eða rekstri flugvallarins með beinum hætti er heimilt að reisa á svæðinu í samræmi við takmarkanir og skipulagsreglur fyrir flugvallarsvæðið. Öll mannvirki byggð á svæðinu eftir 2015 skulu hönnuð þannig að auðvelt sé að fjarlægja þau. Mörk núverandi deiliskipulagsmarka flugvallarins miða við að ný íbúðarbyggð Nýja Skerjafjarðar rísi austan núverandi byggðar í Einarsnesi og ný strætisvagnaleið verði lögð í tengslum við íbúðarbyggðina í Skerjafirði. Á meðal lykiltímasetninga skv. samkomulagi milli Ríkisins, Reykjavíkurborgar og Icelandair frá 2013, segir að NA-SV (06-24) braut verði lögð af 2013 og að æfinga-, kennslu- og einkaflug verði lagt af 2013-2015.

Umsögn

Vísað er til erindis Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, frá 27. ágúst sl. - sbr umsókn ISAVIA innanlandsflugvalla ehf. kt. 591219-1380, um endurnýjun á starfsleyfi Reykjavíkurflugvallar fyrir mengandi starfsemi þ.e. rekstri flugvallar, bifreiða- og vélaverkstæðis og olíugeymis til eigin nota dagsett 21. júní, 2024 - þar sem óskað er eftir umsögn Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur um endurnýjun umrædds starfsleyfis.



Mynd 15. Tímabundnar heimildir til starfsemi flugvallar í Vatnsmýri. Sjá samkomulag Reykjavíkurborgar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, dagsett 28. nóvember 2019 um rannsóknir á Hvassahrauni og flutning flugstarfsemi þangað, „Samkomulag um rannsóknir á möguleikum á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni". Sjá ennfremur ákvæði eldra samkomulags Reykjavíkurborgar, ríkisins og Icelandair Group og viðbótarsamkomulag ríkis og borgar, dagsett 25. október 2013 og framfylgd þeirra.

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 segir m.a. eftirfarandi um landnotkun flugvalla í Reykjavík (bls. 117), sbr. einnig mynd 15, hér til hliðar: „Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að flugvallarstarfsemi í Vatnsmýri verði lögð af á skipulagstímabilinu, sbr. meginmarkmið aðalskipulagsins (sjá stefnu um Borgin við Sundin, II. hluti). Mögulegt verði að reka flugstarfsemi á flugvellinum til ársins 2032 (sjá Mynd 15). Aðstaða til þyrlulendinga vegna þjónustu Landhelgisgæslunnar verður þó áfram heimil á svæðinu, samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi… Sjá Viðauka 4, „Samkomulag um rannsóknir á möguleikum á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni", dagsett 28. nóvember 2019..."

Á grundvelli ofangreindra ákvæða gildandi aðalskipulags eru ekki forsendur til að gefa út starfsleyfi til lengri tíma en 8 ára er varðar rekstur innanlandsflugvallar. Hvað varðar starfsemi einkaflugs, s.s. einkaþotur, þyrluflug og annað leiguflug ferðaþjónustufyrirtækja, svo og æfinga- og kennsluflug, er mælt með því að starfsleyfi verði til enn skemmri tíma, m.a. í ljósi vaxandi ónæðis vegna þyrluflugs og einkaþota og fyrirliggjandi samkomulags ríkis og borgar frá 2013 og eldri viljayfirlýsinga ríkisvaldsins um að finna einka-, æfinga- og kennslufluginu nýjan stað.

Niðurstaða

- Samkvæmt ofangreindu er unnt að fallast á útgáfu starfsleyfis fyrir Reykjavíkurflugvöll, starfsemi innanlandsflugvallar, sem gilti til ársloka 2032.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur /
Ingvar Jón Bates Gíslason, arkitekt

Haraldur Sigurðsson, deildarstjóri aðalskipulags

Re: Nauthólsvegur 60/Reykjavíkurflugvöllur - beiðni um umsögn
Bréf: Bréf
Málsnúmer: 2024060118
Málalyklar: 22.10 Flugsamgöngur
Eigandi skjals: Guðjón Ingi Eggertsson
Staða: Í vinnslu
Dagsetningar:
Búið til: 03.09.2024
Dagsetning skjals: 03.09.2024

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: "Berglind Björg Sigvaldadóttir" <Berglind.Bjorg.Sigvaldadottir@reykjavik.is>

Notandi: "Berglind Björg Sigvaldadóttir" <Berglind.Bjorg.Sigvaldadottir@reykjavik.is>
Dagsetning: 3.9.2024 12:53:11
Til: "Guðjón Ingi Eggertsson" <Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is>
Efni: Re: Nauthólsvegur 60/Reykjavíkurflugvöllur - beiðni um umsögn
---

Tilvísun í mál: 2024060118

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdi við að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur endurnýji umsókn ISAVIA innanlandsflugvalla ehf. kt. 591219-1380 um mengandi starfsemi í rekstri flugvallar, bifreiða- og vélaverkstæði og eldsneytisgeymir til eigin nota.
Húsnæðið er samþykkt sem slökkvistöð.

Reykjavik-merki
Berglind Björg Sigvaldadóttir
Sérfræðingur

lina
Sími: +354 411 1111
Byggingarfulltrúi
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14
105 Reykjavík
Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: www.reykjavik.is/trunadur

From: Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is <Gudjon.Ingi.Eggertsson@reykjavik.is>
Sent: Tuesday, August 27, 2024 17:54
To: Berglind Björg Sigvaldadóttir <Berglind.Bjorg.Sigvaldadottir@reykjavik.is>
Subject: Nauthólsvegur 60/Reykjavíkurflugvöllur - beiðni um umsögn

Tilvísun í mál: 2024060118

Sæl Berglind.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur borist umsókn ISAVIA innanlandsflugvalla ehf. kt. 591219-1380 um endurnýjun á starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi í rekstri flugvallar, bifreiða- og vélaverkstæði og eldsneytisgeymir til eigin nota.
HER óskar eftir umsögn byggingafulltrúa um það hvort starfsemi bifreiða- og vélaverkstæðis sé í samræmi við heimila notkun húsnæðis.

Upplýsingar um húsnæðið fylgdu ekki í umsókn, sjá fylgiskjal, en eftirfarandi upplýsingar bárust síðar

Í okkar bókum er þetta einfaldlega Nauthólsvegur 60 þar sem yfirlýst starfsemi rýmisins er slökkvistöð og vélaverkstæði.

Landeign L106748

Fasteignanúmer	Merking	Lýsing	Bygg.ár	Birt stærð
F2029310	34 0101	Slökkvistöð		1816,9 m2

Matsnúmer: 202-9329

Í viðhengi er loftmynd þar sem umrætt húsnæði er merkt (blár rammi) svo og staðsetning verkstæðisins innan byggingarinnar (minni blár rammi).

Með kveðju,
Guðjón Ingi Eggertsson, heilbrigðisfulltrúi
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, Umhverfiseftirlit

Borgartún 12, 105 Reykjavík
s: 411 1111, t-póstur: gudjon.ingi.eggertsson@reykjavik.is
Vefslóð: heilbrigdiseftirlit.reykjavik.is

Reglur um trúnað í tölvupóstsendingum: http://www.reykjavik.is/trunadur

- image.png - image.png